# Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar - 30. júní 2014

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Fjárhagslegar lykiltölur | 5 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 6.467 millj. kr. (6.323 millj. kr. 1.1-30.6.2013). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 345 millj. kr. (231 millj. kr. 1.1-30.6.2013). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.599 millj. kr. (15.363 millj. kr. 31.12.2013). Eigið fé samstæðunnar þann 30. júní 2014 nam 7.907 millj. kr. (7.584 millj. kr. 31.12.2013). Eiginfjárhlutfallið 30. júní 2014 var 50,7% (49,4% 31.12.2013). Þar af nam hlutafé 3.408 millj. kr. (3.408 millj. kr. 31.12.2013).

Á tímabilinu lét Ómar Svavarsson forstjóri af störfum hjá félaginu og var Stefán Sigurðsson ráðinn til starfa sem nýr forstjóri Fjarskipta hf. Heildarkostnaður við forstjóraskiptin nam 53 millj. kr. og var kostnaðurinn gjaldfærður að fullu á tímabilinu.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2014 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2014.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2014

**Í stjórn:**
Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
Anna Guðný Aradóttir
Hildur Dungal
Hjörleifur Pálsson
Vilmundur Jósefsson

**Forstjóri:**
Stefán Sigurðsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuárshlutareikning Fjarskipta hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 *um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 ,,Árshlutareikningar".

Reykjavík, 20. ágúst 2014

***KPMG ehf.***

Margret G. Flóvenz
Kristrún H. Ingólfsdóttir

# Fjárhagslegar lykiltölur

| | 2014<br>2F | 2013<br>2F | 2014<br>YTD | 2013<br>YTD |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárhagsupplýsingar** | | | | |
| Heildartekjur tímabilsins | 3.294 | 3.257 | 6.467 | 6.323 |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | 365 | 378 | 653 | 553 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 261 | 259 | 428 | 288 |
| Hagnaður tímabilsins | 210 | 207 | 345 | 231 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 0,06 | 0,06 | 0,10 | 0,07 |
| Hagnaður á hlut | 0,60 | 0,62 | 1,00 | 0,70 |
| Fjárfestingar tímabilsins | 447 | 307 | 856 | 493 |
| Handbært fé frá rekstri | 607 | 606 | 803 | 724 |
| **Frammistöðumat** | | | | |
| EBITDA tímabilsins | 671 | 732 | 1.306 | 1.271 |
| EBITDA hlutfall tímabilsins | 20,4% | 22,5% | 20,2% | 20,1% |
| Frjálst fjárflæði (FCF) tímabilsins | 239 | 431 | 130 | 570 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 5.374 | 5.958 | 5.374 | 5.958 |
| Net debt/EBITDA | 1,8 * | 2,2 * | 1,8 | 2,2 |

* EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

# Rekstrarreikningur

## 1. janúar - 30. júní 2014

| | 2014 2F | 2013 2F | 2014 YTD | 2013 YTD |
|---|---|---|---|---|
| **Seldar vörur og þjónusta** | **3.294** | **3.257** | **6.467** | **6.323** |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | ( 1.764) | ( 1.815) | ( 3.495) | ( 3.595) |
| **Framlegð** | **1.530** | **1.442** | **2.972** | **2.728** |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.165) | ( 1.064) | ( 2.319) | ( 2.175) |
| **Rekstrarhagnaður** | **365** | **378** | **653** | **553** |
| Fjármunatekjur | 9 | 13 | 22 | 28 |
| Fjármagnsgjöld | ( 113) | ( 132) | ( 247) | ( 293) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 104) | ( 119) | ( 225) | ( 265) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **261** | **259** | **428** | **288** |
| Tekjuskattur | ( 51) | ( 52) | ( 83) | ( 57) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **210** | **207** | **345** | **231** |
| **Hagnaður á hverja krónu hlutafjár** | **0,06** | **0,06** | **0,10** | **0,07** |
| **Þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár** | **0,06** | **0,06** | **0,10** | **0,07** |
| **Hagnaður á hlut** | **0,60** | **0,62** | **1,00** | **0,70** |
| **Þynntur hagnaður á hlut** | **0,60** | **0,62** | **1,00** | **0,70** |

# Yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar - 30. júní 2014

| | 2014 2F | 2013 2F | 2014 YTD | 2013 YTD |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 210 | 207 | 345 | 231 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | ( 6) | 5 | ( 22) | ( 35) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | **204** | **212** | **323** | **196** |

# Efnahagsreikningur

## 30. júní 2014

| | 30.6.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 4.283 | 4.138 |
| Óefnislegar eignir | 7.136 | 7.095 |
| Skatteign | 637 | 700 |
| **Fastafjármunir samtals** | **12.056** | **11.933** |
| **Veltufjármunir** | | |
| Birgðir | 278 | 250 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.988 | 2.845 |
| Handbært fé | 277 | 335 |
| **Veltufjármunir samtals** | **3.543** | **3.430** |
| **Eignir samtals** | **15.599** | **15.363** |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | 3.408 | 3.408 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 3.083 | 3.083 |
| Þýðingarmunur | 224 | 246 |
| Óráðstafað eigið fé | 1.192 | 847 |
| **Eigið fé** | **7.907** | **7.584** |
| **Langtímaskuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 5.190 | 5.135 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 36 | 17 |
| **Langtímaskuldir samtals** | **5.226** | **5.152** |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 461 | 519 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 1.893 | 1.995 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 106 | 107 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 6 | 6 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | **2.466** | **2.627** |
| **Skuldir samtals** | **7.692** | **7.779** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **15.599** | **15.363** |

# Eiginfjáryfirlit

## 1. janúar - 30. júní 2014

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.- 30.6. 2013** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2013 | 3.408 | 3.083 | 291 | - | 6.782 |
| Heildarafkoma tímabilsins | - | - | ( 35) | 231 | 196 |
| **Eigið fé 30.6.2013** | **3.408** | **3.083** | **256** | **231** | **6.978** |
| **1.1. - 30.6. 2014** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2014 | 3.408 | 3.083 | 246 | 847 | 7.584 |
| Heildarafkoma tímabilsins | - | - | ( 22) | 345 | 323 |
| **Eigið fé 30.6.2014** | **3.408** | **3.083** | **224** | **1.192** | **7.907** |

# Sjóðstreymisyfirlit

## 1. janúar - 30. júní 2014

| | 2014 2F | 2013 2F | 2014 YTD | 2013 YTD |
|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi** | **210** | **207** | **345** | **231** |
| **Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi** | | | | |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 249 | 285 | 522 | 577 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 57 | 69 | 131 | 141 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 104 | 120 | 225 | 265 |
| Söluhagnaður eigna | 0 | 0 | ( 3) | 0 |
| Skatteign og skattskuldbinding, breyting | 51 | 52 | 83 | 57 |
| **Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt** | **671** | **733** | **1.303** | **1.271** |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | | | |
| Birgðir, breyting | 40 | 28 | ( 28) | 57 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | ( 106) | ( 174) | ( 143) | ( 103) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | 92 | 179 | ( 145) | ( 115) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting | ( 11) | ( 28) | ( 1) | ( 47) |
| **Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt** | **686** | **738** | **986** | **1.063** |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 9 | 11 | 17 | 24 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 88) | ( 143) | ( 200) | ( 363) |
| **Handbært fé frá rekstri** | **607** | **606** | **803** | **724** |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | 0 | 0 | 4 | 0 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | ( 339) | ( 244) | ( 681) | ( 367) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | ( 108) | ( 63) | ( 179) | ( 126) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | **( 447)** | **( 307)** | **( 856)** | **( 493)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Afborganir langtímalána | ( 199) | ( 149) | ( 322) | ( 275) |
| Skammtímalán, breyting | 75 | ( 20) | 321 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **( 124)** | **( 169)** | **( 1)** | **( 275)** |
| **Breyting á handbæru fé** | 36 | 130 | ( 54) | ( 44) |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | 1 | ( 31) | ( 4) | ( 35) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 240 | 832 | 335 | 1.010 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | **277** | **931** | **277** | **931** |

# Skýringar

## 1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2013. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagins www.vodafone.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 20. ágúst 2014.

### b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2013.

### c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

# Skýringar, frh.:

**Starfsþáttayfirlit**
**Rekstrarstarfsþættir**
Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í fimm starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

**Farsímaþjónusta** sem samanstendur af mánaðargjöldum, notkun á farsíma innanlands og millilanda í áskrift og frelsi, virðisaukandi þjónustu, gestareiki og lúkningartekjum í farsíma.

**Gagnaflutningsþjónusta** sem innifelur tekjur af tengingum og gagnamagnsnotkun einstaklinga og fyrirtækja.

**Fastlínuþjónusta** sem samanstendur af mánaðargjöldum, fastlínunotkun einstaklinga og fyrirtækja og lúkningartekjum í fastlínu.

**Sjónvarpsþjónusta** sem eru tekjur af sjónvarpsdreifingu, leigu á myndlyklum og leigu á efni í gegnum sjónvarp.

**Önnur þjónusta** sem samanstendur af tekjum af vörusölu, heildsölu, leigulínum og útlandasamböndum og ýmsum tekjum.

| Rekstrarstarfsþættir | Farsíma-þjónusta | Gagnafl.-þjónusta | Fastlínu-þjónusta | Sjónvarps-þjónusta | Önnur þjónusta | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. - 30.06.2014** | | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 2.357 | 1.432 | 783 | 826 | 1.069 | - | 6.467 |
| Innri tekjur | - | - | 22 | - | 55 | ( 77) | 0 |
| **Tekjur samtals** | **2.357** | **1.432** | **805** | **826** | **1.124** | **( 77)** | **6.467** |

| | |
|---|---|
| Óskipt rekstrargjöld | ( 5.161) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) | 1.306 |
| Afskriftir | ( 653) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 225) |
| Tekjuskattur | ( 83) |
| **Hagnaður tímabilsins** | **345** |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | ( 22) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | **323** |
| | |
| **Óskiptar eignir 30.6.2014** | **15.599** |
| **Óskiptar skuldir 30.6.2014** | **7.692** |
| **Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2014 - 30.6.2014** | **860** |

# Skýringar, frh.:

## Starfsþáttayfirlit, frh.:

| Rekstrarstarfsþættir | Farsíma-þjónusta | Gagnafl.-þjónusta | Fastlínu-þjónusta | Sjónvarps-þjónusta | Önnur þjónusta | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. - 30.6.2013** | | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 2.576 | 1.406 | 837 | 630 | 874 | - | 6.323 |
| Innri tekjur | 7 | 0 | 30 | - | 42 | ( 79) | 0 |
| **Tekjur samtals** | **2.583** | **1.406** | **867** | **630** | **916** | **( 79)** | **6.323** |
| | | | | | | | |
| Óskipt rekstrargjöld | | | | | | | ( 5.052) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) | | | | | | | 1.271 |
| Afskriftir | | | | | | | ( 718) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | | ( 265) |
| Tekjuskattur | | | | | | | ( 57) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | | | | **231** |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags | | | | | | | ( 35) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | | | | | | **196** |
| | | | | | | | |
| **Óskiptar eignir 31.12.2013** | | | | | | | **15.363** |
| **Óskiptar skuldir 31.12.2013** | | | | | | | **7.779** |
| **Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2013 - 30.6.2013** | | | | | | | **493** |

## Landsvæðisskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

| **1.1.-30.6.2014** | **Ísland** | **Færeyjar** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu | 5.568 | 899 | 6.467 |
| EBITDA á tímabilinu | 1.118 | 188 | 1.306 |
| Eignir starfsþátta í lok tímabilsins | 14.348 | 1.251 | 15.599 |
| Fjárfestingar tímabilsins | 794 | 66 | 860 |
| | | | |
| **1.1.-30.6.2013** | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu | 5.369 | 954 | 6.323 |
| EBITDA á tímabilinu | 1.137 | 134 | 1.271 |
| Eignir starfsþátta 31.12.2013 | 14.094 | 1.269 | 15.363 |
| Fjárfestingar tímabilsins | 455 | 38 | 493 |